



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja (Ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.). Mál á þingmálaskrá [x].
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	11. júní 2019.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Áform um tímabundna lagasetningu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi heimild til að endurgreiða byggjendum og eigendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við uppsetningu hleðslustöðva í íbúðarhúsnæði. Þannig verði núverandi heimild hækkuð frá 60% upp í 100%.

Í öðru lagi heimild til handa byggjendum og eigendum íbúðarhúsnæðis til fullrar endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á hleðslustöðvum í íbúðarhúsnæði.

Í þriðja lagi að bílaleigum og handhöfum leyfa til að stunda eignaleigu og/eða fjármögnunarleigu verði heimiluð endurgreiðsla/undanþága frá virðisaukaskatti af útleigu á ökutækjum sem fallið hafa undir ívilnun á grundvelli ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt, (rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar).

Auk þess hefur verið til skoðunar í þessu sambandi að endurgreiða bílaleigum hluta vörugjalds við útflutning bifreiða. Þá verða eftir atvikum lagðar til afleiddar breytingar á tengdri skattalöggjöf í tengslum við framangreindar breytingar.

Frummat af áformunum, sem eru skattastyrkir er byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands, tollstjóra og Samgöngustofu. Áhrifin á tekjutap ríkissjóðs eru næm fyrir breytingum á útfærslum og er matið því háð nokkurri óvissu. Áformin eru talin hafa neikvæð áhrif á skatttekjur ríkissjóðs sem nemur um 160 m.kr. á ári samkvæmt frummati. Ef ákveðið verður auk þessa að endurgreiða bílaleigum hluta vörugjalds við útflutning munu áhrifin samkvæmt frummati nema um 460 m.kr. á ári. Áhrifin eru tímabundin.

2. Tekjubreytingar

Líkt og fram kemur í svari við 1. tölul. er mat á tekjuáhrifum háð nokkurri óvissu og verður endurmetið þegar nánari útfærslur á áformum liggja fyrir. Hér að neðan má sjá tímabundin tekjuáhrif skipt eftir áformum:

- Áætlað tekjutap ríkissjóðs af endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna uppsetningu á heimahleðslustöðvum er talið nema um 70 m.kr. á ári.
- Áætlað tekjutap ríkissjóðs af 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af uppsetningu heimahleðslustöðva í stað 60% endurgreiðsluhlutfalls, er talið nema um 30 m.kr. á ári.
- Áætlað tekjutap ríkissjóðs af undanþágu útleigu vistvænna bílaleigubifreiða er talið nema um 60 m.kr. á ári.

Auk þess næmi áætlað tekjutap ríkissjóðs af endurgreiðslu á hluta af vörugjaldi við útflutning bílaleigubifreiða um 300 m.kr. á ári.

3. Útgjaldabreytingar

Á ekki við.

4. Eignabreytingar

Á ekki við.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

Um er að ræða áform um tímabundna nýja skattastyrki sem hvetja til orkuskipta og hafa áhrif á uppbyggingu skattkerfis ásamt því að draga úr tekjuöflun ríkissjóðs.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

Tillögurnar hafa ekki áhrif á gildandi fjárlög. Ekki hefur verið gert ráð fyrir áhrifum áformanna á tekjur ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi komandi árs né í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar.

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

Á ekki við.

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Samhliða þessum breytingum munu stjórnvöld kanna hugsanlegar mótvægisáðgerðir til þess að bregðast við tekjutapi af fyrirhuguðum aðgerðum.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

Aðgerðirnar hvetja til orkuskipta og leiða til aukinnar eftirspurnar eftir vistvænum ökutækjum.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Um er að ræða ívilnandi reglur fyrir einstaklinga og fyrirtæki til þess að hraða orkuskiptum í samgöngum og efla hvata einstaklinga og fyrirtækja í að skipta yfir í vistvæn ökutæki. Frumvarpið mun því hafa jákvæð áhrif á markmið stjórnvalda í loftslagsmálum.

3. Samkeppnisskilyrði

Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á samkeppnisskilyrði.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011

Á ekki við.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)

Á ekki við.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000

Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög

Á ekki við.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök

Á ekki við.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna

Á ekki við.

7. Áhrif a lýðheilsu

Áformin hvetja til orkuskipta í samgöngum. Áformin leiða þannig af sér minni notkun jarðefnaeldsneytis sem dregur úr neikvæðum ytri áhrifum sem bruninn skapar og bætir lýðheilsu almennings.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir

Á ekki við.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri

Á ekki við.

10. Áhrif á stjórnarsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni

Áformin hafa áhrif á ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir að umsóknir vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti berist embætti ríkisskattstjóra.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar

Á ekki við.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun

Áformin hvetja til orkuskipta í samgöngum og stuðla að sjálfbærri þróun. Hraðari orkuskipti leiða af sér aukna notkun á innlendum orkugjöfum á kostnað innfluttra orkugjafa. Áformin draga einnig úr umhverfisáhrifum frá samgöngum og styðja þannig við aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag

Áformin eru talin hafa neikvæð áhrif á skatttekjur ríkissjóðs sem nemur um 160 m.kr. á ári skv. frummati. Ef auk þessa verður ákveðið að endurgreiða bílaleigum hluta vörugjalds við útflutning munu áhrifin samkvæmt frummati nema um 460 m.kr. á ári. Áhrifin eru tímabundin.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Um er að ræða nýja skattastyrki. Öll frávik frá almennri skattlagningu skapar aukið flækjustig í skattkerfinu og gerir eftirlit erfiðara en ella.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat

Áformin hvetja til orkuskipta í samgöngum og ættu að stuðla að minni notkun jarðefnaeldsneytis. Það dregur úr neikvæðum ytri áhrifum sem slíkur brunni skapar og þeim þjóðhaglega kostnaði sem notkun á jarðefnaeldsneyti hefur í för með sér.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Já.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Á ekki við.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

Á ekki við.

